



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 26. maí 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld (aflaverðmæti í reiknistofni)


Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, 351. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á skráðu aflaverðmæti tiltekinna nytjastofna við útreikning reiknistofns veiðigjalds. Í frumvarpinu er lagt til að miða við markaðsverð í Noregi til að nálgast betur raunverulegt aflaverðmæti norsk-íslenskrar síldar, annarrar síldar, kolmunna og makríls. Þá eru lagðar til breytingar á skráðu aflaverðmæti þorsks og ýsu þannig að aflaverðmæti miðist við verð á fiskmarkaði í stað þess að miða að hluta við verð í beinni sölu. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmið frumvarpsins sé að tryggja að reiknað aflaverðmæti tiltekinna nytjastofna endurspegli betur raunverulegt aflaverðmæti og þar með réttlát auðlindagjöld fyrir aðgang að sjávarauðlindinni sem sýnilega hlutdeild í afkomu við veiðar á nytjastofnum sjávar. Einnig sé frumvarpinu ætlað að mæta betur tilgangi innheimtu veiðigjalda sem sé að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild beina og sýnilega hlutdeild í afkomu við veiðar á nytjastofnum sjávar.

Áhrif frumvarpsins á iðnað

Samtökin gæta hagsmuna fjölmargra fyrirtækja sem reiða sig á viðskipti og fjárfestingar sjávarútvegsfyrirtækja. Verðmæt þekking hefur myndast í iðnaði í kringum sjávarútveginn og hafa fjárfestingar í nýsköpun og nýrri tækni í iðnaði aukið verðmætasköpun sjávarútvegs verulega. Fjárfestingar sjávarútvegarins og þátttaka í þróun lausna hafa gert félagsmönnum samtakanna kleift að þróa hátæknilausnir á heimsmælikvarða. Þessar lausnir, þar á meðal tækjabúnaður og þjónusta við hann, eru seldar á erlendum mörkuðum og hafa skapað auknar útflutningstekjur og störf í íslensku hagkerfi. Þessi fyrirtæki reiða sig verulega á fjárfestingar sjávarútvegarins sem voru samkvæmt gögnum Hagstofunnar um 19 milljarðar króna á síðasta ári og viðlíka árið 2023.

Fjárfesting fiskvinnslu ma.kr. á verðlagi hvers árs



Því til viðbótar er fjölbreyttur iðnaður víðs vegar um land sem veitir margvíslega aðra þjónustu við fyrirtæki í sjávarútvegi, sér í lagi fiskvinnslur. Sá iðnaður á mikið undir en sumir félagsmenn SI hafa nú þegar fundið svo um munar fyrir samdrætti í viðskiptum vegna loðubrests sem sýnir vel áhrif sjávarútvegjar á iðnað.

Skortur á áhrifamati

Samtökin skiluðu umsögn um drög að frumvarpinu á samráðsgátt stjórnvalda þar sem vakin var athygli á því að í frumvarpinu væri hvorki að finna fullnægjandi mat á áhrifum á tækni-, þjónustu- og nýsköpunarumhverfi sjávarútvegsins, né mat á mögulegum ruðningsáhrifum sem gætu leitt til minni veltu í öðrum atvinnugreinum. Félagsmenn SI hafa í umsögnum sínum um frumvarpið bent á að breytingarnar geti leitt til samdráttar í fjárfestingum, seinkunar á endurnýjun tækjabúnaðar, ruðningsáhrifa inn á aðra markaði og fækkunar starfa, sérstaklega í smærri byggðarlögum þar sem þjónusta við sjávarútveg er mikilvægur hluti af atvinnulífinu. Líkur séu á að einhverjir þjónustuaðilar neyðist til að hætta starfsemi.

Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir um mat á áhrifum á fjárfestingargetu og samkeppni:

„Athugasemdir voru gerðar við að ekki hefðu verið metin áhrif frumvarpsins á nýsköpunar- og sprotafyrirtæki sem starfa í sjávarútvegi. Bent var á að frumvarpið myndi hafa þau áhrif að draga úr tæknipróun og nýsköpun og þar með samkeppnishæfni sjávarútvegs. Þá var bent á að hagnaðarhlutfall margra fyrirtækja í sjávarútvegi muni dragast saman, verði frumvarpið að lögum, og það komi til með að hafa neikvæð áhrif á fleiri tengdar atvinnugreinar eins og birgja, þjónustuaðila og aðila í iðnaði.“

Að mati ráðuneytisins mun frumvarpið, verði það að lögum, ekki hafa áhrif á það hvernig fyrirtæki haga skipulagi í rekstri sínum, enda felur frumvarpið ekki í sér hvert fiskverð einstakra nytjastofna skuli vera í viðskiptum á milli aðila. Ekki verður séð að frumvarpið komi til með að hafa veruleg áhrif á rekstur fyrirtækja í sjávarútvegi, hvort sem er við veiðar eða vinnslu eða aðgengi að aukaafurðum, þar sem frumvarpið hefur ekki áhrif á hvert fiskverð eða aflaverðmæti nytjastofna er í viðskiptum milli aðila. Frumvarpið tekur aðeins til þess viðmiðs aflaverðmætis sem miðað er við í reiknistofni veiðigjalds fyrir fimm tegundir nytjastofna. Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á frítekjumarki til að milda þau fjárhagslegu áhrif sem samþykkt frumvarpsins kann að hafa á fyrirtæki í sjávarútvegi. Þær breytingar sem frumvarpið mælir fyrir um einar og sér munu því að mati ráðuneytisins ekki hafa þau áhrif að draga úr fjárfestingargetu fyrirtækja í sjávarútvegi til framtíðar.“




Samtökin telja framangreint áhrifamat ekki fullnægjandi og ítreka áhyggjur sínar um að dregið gæti verulega úr fjárfestingu sjávarútvegsfyrirtækja og þá sérstaklega fiskvinnslu. Þá muni breytingarnar hafa áhrif á þau fyrirtæki sem þjónusta sjávarútveginn. Iðnfyrirtæki sem byggja sína afkomu á viðskiptum við fyrirtæki í sjávarútvegi hafa þegar fundið fyrir framangreindum áhrifum. Eru dæmi um að félagsmenn SI hafi orðið af nokkur hundruð milljóna króna verkefnum. Stjórnendur fjölmargra iðnfyrirtækja eru því uggandi um afkomu sinna félaga í ljósi fyrirhugaðra breytinga.

SI telur nauðsynlegt að fullnægjandi mat liggi fyrir áður en ákvörðun verður tekin um breytingar sem geta haft víðtæk áhrif á virðisbætur sjávarútvegs. Sú óvissa sem frumvarpið skapar hafi veruleg áhrif á viðskipti og fjárfestingar en óvissan er nú þegar mikil vegna stöðu í alþjóðamálum. Nú þegar horfur í alþjóðaviðskiptum hafa versnað eru stjórnvöld í nágrannaríkjum að leita allra leiða til að auka verðmætasköpun og efla samkeppnishæfni. Samtökin hvetja stjórnvöld til að gera slíkt hið sama hér á landi. Samtökin hvetja stjórnvöld jafnframt til að skoða hvort nauðsynlegt sé að grípa til mótvægisáðgerða, t.d. hvata til fjárfestinga í fiskvinnslu og tækni, til að milda áhrif gjaldahækkunar og viðhalda framleiðslu, nýsköpun og samkeppnishæfni í sjávarútvegi og iðnaði sem þjónustar sjávarútveg.

Að þessu sögðu eru samtökin reiðubúin til frekara samtals og samráðs um málið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Guðný Hjaltadóttir
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði